

Skipulagsstofnun  
Laugavegur 166  
105 REYKJAVÍK  
Ísland

Reykjavík, 22.12.2016  
Tilvísun: 201412-0025/6.01.04

**Efni: Metanólverksmiðja CRI í Svartsengi**

Vísað er í bréf Skipulagsstofnunar frá 5. desember 2016 þar sem óskað er eftir umsögn Vinnueftirlits ríkisins um mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmda hjá Carbon Recycling International í Svartsengi í Grindavík.

Í frummatsskýrslunni frá nóvember 2016 kemur fram að hámarksmagn vetrnis verði um 25 kg og metanóls um 50 tonn í starfstöðinni sem er undir þróskuldsagni stórslysavarnarskyldu og fellur starfsstöðin því ekki undir reglugerð 160/2007 um stórslysavarnir vegna hættulegra efna.

Fyrirtækið ber að leita umsagnar Vinnueftirlitsins ef til stækunar kemur.

Virðingarfyllst  
f.h. Vinnueftirlitsins,



Sigrún Sigurðsson



Friðrik Danielsson

**Starfsstöðvar:**

Bíldshöfða 16, 110 Reykjavík  
Krossmóa 4, 260 Reykjanesbær

Stillholti 18, 300 Akranes  
Hafnarstræti 1-3, 400 Ísafjörður

Kt. 420181-0439  
Sími 550-4640

Netfang svæðis: [vestur@ver.is](mailto:vestur@ver.is)  
Veffang: [www.vinnueftirlit.is](http://www.vinnueftirlit.is)

## **10. 1612012 - Metanólverksmiðja í Svartsengi: Frummatsskýrsla**

Til fundarins var mættur sviðsstjóri skipulags- og umhverfissviðs, Ármann Halldórsson, og kynnti hann málið og svaraði fyrirspurnum.

Aðrir sem til máls tóku: Kristín María, Páll Jóhann, Guðmundur og Marta

Erindi frá skipulagsstofnun lagt fram.

Í erindinu er óskað eftir umsögn Grindavíkurbaðar á frummatsskýrslu vegna mats á umhverfisáhrifum fyrir CRI í Svartsengi. Óskað er eftir því að Grindavíkurbað geri grein fyrir því hvort talið sé að gert sé nægjanlega vel grein fyrir fyrirhugaðri framkvæmd umhverfi og umhverfisáhrifum, mati framkvæmdaaðila á þeim, mótvægisáðgerðum og vöktun. Einnig er óskað eftir upplýsingum hvaða leyfum framkvæmdin er háð skv. 24. gr. reglugerðar nr. 660/2015 um mat á umhverfisáhrifum. Skipulagsnefnd leggur áherslu á að vöktunaráætlani og mótvægisáðgerðir séu vircar og framkvæmdar. Sveitarfélagið hefur nú þegar veitt byggingarleyfi og framkvæmdaleyfi fyrir framkvæmdinni eins og þeim er lýst í skýrslunni. Allar frekari stækkanir á verksmiðjunni eru háðar byggingarleyfi sbr. lög um mannvirkni nr. 160/2010.

Erindinu var vísað til umhverfis- og ferðamálanefndar og bókaði hún eftirfarandi:

Nefndin óskar eftir því að unnið verði að skilgreiningu á eiturefnum í frárennsli frá verksmiðjunni og meðferð á þeim þannig að hægt verði að uppfylla grein 2.8 í starfsleyfi.

### **Tillaga**

Bæjarstjórn tekur undir bókun umhverfis- og ferðamálanefndar og felur bæjarráði að fylgja málinu eftir.  
Samþykkt samhljóða

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík



Reykjavík 4. janúar 2017  
UST201612-084/B.S.  
08.09.00

### Efni: Mat á umhverfisáhrifum - Metanólverksmiðja í Svartsengi. Umsögn

Vísað er til bréfs Skipulagsstofnunar dags. 5. desember 2016 þar sem óskað er umsagnar Umhverfisstofnunar um mat á umhverfisáhrifum ofangreindrar framkvæmdar.

Um er að ræða stækkan verksmiðju sem starfrækt hefur verið frá árinu 2011. Framleiðsla hefur verið aukin úr 5 tonnum af metanóli á sólarhring í 12 tonn. Hráefni til framleiðslunnar er sem fyrr koldíoxíð sem unnið er úr útblæstri orkuvers HS Orku í Svartsengi.

Verksmiðjan var upphaflega reist á svæði sem raskað var við fyrri framkvæmdir í Svartsengi. Mannvirkjagerð vegna stækkunarinnar er öll innan sama svæðis og viðbót við þau mannvirki sem fyrir voru. Tilraunaframleiðsla nýrrar og stærri verksmiðju hófst 2015 þannig að umhverfisáhrif eru að hluta þegar komin fram.

Fram kemur í frummatsskýrslu að umhverfisáhrif verksmiðjunnar verði jákvæð vegna minni útblástur koldíoxíðs, þrátt fyrir losun lítilræðis af VOC-lofttegundum. Helstu áhrif gætu orðið vegna niðurdælingar frárennslisvatns, en samkvæmt áliti ÍSOR ætti niðurdælingin ekki að hafa áhrif á ferskt grunnvatn ef að dælingunni verði staðið í samræmi við ábendingar ÍSOR.

Að teknu tilliti til ofangreindar atriða telur Umhverfisstofnun ekki líklegt að umrædd framkvæmd muni hafa umtalsverð umhverfisáhrif í för með sér.

Virðingarfyllst

Björn Stefánsson  
Sérfræðingur

Aðalbjörg Birna Guttormsdóttir  
Teymisstjóri

Tilvísun í mál: 2016120007

Visað er til bréfs frá Skipulagsstofnun, dags. 6. desember sl., þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um frummatsskýrslu vegna metanólverksmiðju í Svartsengi.

Í ljós hlutverks og starfsemi Náttúrufræðistofnunar og umfangs, eðlis, staðsetningu og þeirra áhrifa sem framangreind metanólverksmiðja er líkleg til aðhafa gerir stofnunin engar athugasemdir við frummatsskýrluna.

**Virðingarfyllst**

Trausti Baldursson  
Náttúrufræðistofnun Íslands  
Icelandic Institute of Natural History  
Urriðaholtsstræti 6-8  
Pósthólf 125 (P.O. Box 125)  
212 Garðabær  
Sími/Tele: 590 0500



# HEILBRIGÐISEFTIRLIT SUÐURNESJA

## SUÐURNES PUBLIC HEALTH AUTHORITY

Keflavík 30. desember 2016

Tilvísun 2016-565/13.4

Skipulagsstofnun  
Sigurður Ásbjörnsson  
Laugavegi 166  
150 Reykjavík

Efni: Umsögn um frummatsskýrslu um metanólverksmiðju í Svartsengi, Grindavík.

Heilbrigðiseftirlit Suðurnesja hefur fjallað um frummatskýrslu metanólverksmiðju Carbon Recycling International í Svartsengi, Grindavík samkvæmt beiðni Skipulagsstofnunar dags. 5. desember 2016. Embættið gerir ekki athugasemdir við frummatsskýrsluna.

Virðingarfallst

Magnús H. Guðjónsson  
Framkvæmdastjóri



Skipulagsstofnun  
Laugavegi 166  
105 Reykjavík

Reykjavík 14. desember 2016  
Tilvísun: 201612-0050

**Efni: Metanólverksmiðja í Svartsengi - beiðni um umsögn**

Mannvirkjastofnun hefur, að beiðni yðar í bréfi dags. 05. desember 2016 tilv. 2016100049/5.3 yfirfarið innsenda skýrslu CRI; *Metanólverksmiðja CRI í Svartsengi, Grindavík. Mat á umhverfisáhrifum*, Frummatsskýrsla, dags. í nóvember 2016 að því marki sem slík starfsemi heyrir undir lög nr. 75/2000 um brunavarnir.

Í skýrslunni kemur fram að verksmiðjan notar og framleiðir talsvert magn hættulegra efna sem kalla á umtalsverð sérhæfð viðbrögð af hálfu slökkviliðs þeirra sveitarfélaga bæði á lóð verksmiðjunnar og við flutning á þeim að og frá verksmiðjunni og verður að gera ítarlega grein fyrir slíku í matsskýrslu og áhættumati fyrir starfsemina. Sérstaklega má benda á að ekkert samráð virðist hafa verið haft við Brunavarnir Suðurnesja sem fer með slökkvi- og björgunarstarf á stórum hluta þess svæðis sem flutningar frá verksmiðjunni til höfuðborgarsvæðisins fara um.

Þá kemur einnig fram að framkvæmdum við stækkan verksmiðjunnar virðist vera lokið. Allar breytingar á starfseminni frá fyrri umsögn Mannvirkjastofnunar dags. 18. desember 2014 kalla á endurskoðun á áhættumati og brunahönnun verksmiðjunnar og starfseminnar og má einnig í þessu sambandi benda á ákvæði í 22. gr. laga um brunavarnir.

Virðingarfullst  
f.h. Mannvirkjastofnunar

Guðmundur Gunnarsson,  
yfirverkfræðingur